

Gjaldskrá

um vatnsskatt í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Af öllum íveruhúsum, samkomuhúsum og sölubúðum á vatnsveitusvæðinu, sem virt eru til húsaskatts, skal greiða í vatnsskatt árlega 2⁰/₀₀ af virðingarverði þeirra, en af öllum öðrum húsum 1⁰/₀₀ af húsaskattsvirðingarverði þeirra. —

Auk þess greiði húseigandi hver 75 aura árlega fyrir hvern mann, er í húsi hans býr, og miðast gjald þetta við manntal, er fram fer árlega um áramót.

2. gr.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra þarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald 1⁰/₀₀ af virðingarverðinu; auk gjalds þessa greiði húseigandi 6 kr. árlega fyrir hvert vatnssalerni, sem í húsinu er, og 4 kr. fyrir hvern hana utan húss. — Fyrir hvern stórgrip greiðist 1 kr., þó skulu undanþegin gjaldi þessu stóðhross ótamin, sem ekki eru höfð í bænum að vetrinum.

3. gr.

Fyrir seglskip, er heima eiga í kaupstaðnum, og ganga þaðan til fiskiveiða, skal greiða vatnsskatt, kr. 2.25 fyrir mánuð hvern eða brot úr mánuði, sem þeim er haldið úti. — Af öðrum seglskipum, er heima eiga í kaupstaðnum og þaðan ganga til flutninga, greiðist 2 kr. í vatnsskatt fyrir mánuð hvern eða brot úr mánuði. Fyrir gufuskip, er hér eiga heima og ganga héðan til fiskiveiða eða flutninga, ber að kreiða 8 kr. fyrir hvern mánuð, sem þeim er haldið úti héðan, eða brot úr mánuði. — Af öllum öðrum skipum en þeim, sem fyr eru nefnd, greiðist 60 aurar fyrir hverja smálest vatns, þó getur vatnsveitunefnd gert sérstakan samning um vatnsgjald af skipum, sem ekki eiga hér heima, en ganga héðan til fiskiveiða, minst 6 vikna tíma á árinu.

4. gr.

Gjalddagi á vatnsskatti er 1. apríl og 1. október. Af aðkomuskipum ber þó að greiða skattinn í hvert skifti og vatn er tekið.

37

31. marz

5. gr.

Gjaldskrá þessa skal endurskoða innan 1. jan. 1911.

*

*

*

Gjaldskrá þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir samið, staðfestist hérmeð, samkvæmt lögum nr. 26, 9. júlí 1909, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 31. marz 1910.

Björn Jónsson.

M. Guðmundsson
aðstm.

38

12. apríl sonar,

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir styrktarsjóð Péturs skipstjóra Björns-
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra Íslands 12. apríl 1910.
Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir styrktarsjóð Péturs skipstjóra Björnssonar.

1. gr.

Sjóður þessi, sem stofnaður er af Pétri skipstjóra Björnssyni með arfleiðsluskrá, dagsettri 11. apríl 1900, og viðauka við hana, dagsettum 31. janúar 1904, skal heita »Styrktarsjóður Péturs skipstjóra Björnssonar«.

2. gr.

Yfirumsjón sjóðsins hefir sýslunefnd Vestur-Barðastrandarsýslu; stjórn sjóðsins hafa á hendi þrír menn, er sýslunefnd kýs til þriggja ára, og skifta þeir verkum með sér; skulu tveir þeirra vera utan sýslunefndar. Kostnaður sá, er leiðir af stjórn sjóðsins, greiðist af vöxtunum, eftir ákvörðun sýslunefndar.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins var úthlutað á skiftafundi eftir hinn framliðna, og nam að upphæð kr. 21400,43; höfuðstól þenna má aldrei skerða; þó hefir sýslunefnd heimild til að fella burtu úr reikningum sjóðsins einhverjar af útistæðum þeim,